

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Þórshafnarhreppi  
nr. 368 frá 9. október 1978.**

4. mgr. 5. gr. orðist svo:

80% gatnagerðargjaldsins er lánað til 4ra ára verðtryggt samkvæmt lánskjaravísitölu og lögum um verðtryggingu. Vextir eru þeir sömu og af gatnagerðarlánnum Byggðasjóðs.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þórshafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. maí 1982.*

**F. h. r.  
Jón S. Ólafsson.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

Nr. 275.

13. maí 1982.

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Verðlaunasjóð frk. Ragnheiðar Jónsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 13. maí 1982.**

Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ****Verðlaunasjóðs frk. Ragnheiðar Jónsdóttur.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður frk. Ragnheiðar Jónsdóttur, skólastjóra.

2. gr.

Sjóðurinn var stofnaður 15. maí 1977 af nemendum. Nemendasambandi Kvenna-skólans í Reykjavík og vinum frk. Ragnheiðar til minningar um hana. Fé sjóðsins er nú kr. 11 853,92, ellefu þúsund átta hundruð fimmtíu og þrjár 92/100 sem geymt er í verðtryggðum sparireikningi nr. 613014 í Landsbanka Íslands og kr. 2 248,05, tvö þúsund tvö hundruð fjórutíu og átta 05/100 sem geymt er í sparisjóðsbók nr. 159491 í Landbanka Íslands.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla rækt nemenda við sögunám. Veita má verðlaun ef ástæða þykir til, en fresta má veitingu, ef svo ber undir.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir, gjafir og önnur skyld fjárframlög. Heimilt er að verja allt að  $\frac{3}{4}$  árstekna sjóðsins til verðlauna. Sjóðurinn má aldrei verða minni en 11 853,92, ellefu þúsund átta hundruð fimmtíu og þrjár 92/100.